

Jafnvel þótt ráðuneytið hafi heimild til að gefa eftir eða lækka stimpilsektir er ekki þess að vænta, að svo verði gert framvegis, nema fullar sannanir liggi fyrir um það, að aðiljum verði ekki gefið að sök brotið, sem sektirnar eru ákveðnar fyrir.

Fjármálaráðuneytið, 29. maí 1941.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um nýbýli.

85

3. júní

Í stað 2. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:
Verðbréfin skulu gefin út í flokkum og skal hverjum flokki að jafnaði lokað áður en 5 ár eru liðin frá því hann var opnaður. Þó má gefa út bréf í sama flokki til lúkningar lánnum þeim, sem bráðabirgðaskuldabréf hafa verið gefin út fyrir, áður en flokknum bar að loka. Aldrei má vera meira í umferð af verðbréfum en nemur eignum nýbýlasjóðs í reiðu fé og útistandandi lánnum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð, til þess að öðlast þegar gildi. Að öðru leyti gildir reglugerð um nýbýli frá 23. nóvember 1936.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júní 1941.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

SAMPYKKT

fyrir Framræslu- og áveitufélag Staðarbyggðar.

86

12. júní

1. gr.

Félagið heitir Framræslu- og áveitufélag Staðarbyggðar. Heimili þess og varnarping er Öngulsstaðahreppur í Eyjafirði.

2. gr.

Félagssvæðið nær yfir eftirtaldar jarðir í Öngulsstaðahreppi: Munkaþverá (þrjú býli), Grýta, Uppsalar (tvö býli), Klauf, Syðra Laugaland, Ytra Laugaland, Hóll, Syðri Tjarnir, Háagerði, Ytri Tjarnir, Björk (tvö býli), Öngulsstaðir I og II (þrjú býli), Staðarhóll, og auk þess Kristnes og Kroppur í Hrafnagilshreppi (engjateigar austan Eyjafjarðarár).

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. að annast framkvæmd og starfrækslu, framræslu og áveitu á engjalöndum þeirra jarða, sem taldar eru í 2. gr.;
2. að koma í veg fyrir landspjöll á engjum þessara jarða af völdum Þverár og Eyjafjarðarár;
3. að útvega og starfrækja, meðan á framkvæmdum stendur, skurðgröfu frá ríkinu, samkvæmt ákvæðum laga nr. 101 23. júní 1936, V. kafli, 35. gr.;